

Nr. 65.  
22.  
nóvbr.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþykktir til varnar skemndum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþykktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir ákvæðum framanskráðra laga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*H. Hafstein.*

Nr. 66.  
22.  
nóvbr.

## Girðingalög

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði og Ræktunarsjóði, svo og aðrar vírgirðingar, er njóta styrks af almannaþje, skulu vera að minsta kosti 1 metri á hæð. Þó skulu girðingar fyrir kynbótagripi ekki vera lægri en 1 metri og 12 sentímetrar.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum, Nú er garður hlaðinn undir vírinn, og þarf þá eigi fleiri strengi en fjóra, ef garðurinn er að minsta kosti 30 sentímetra hár, þrjá strengi, ef hann er 60 sentímetrar, og eigi fleiri en tvo strengi, ef hann er 75 sentímetrar á hæð.

2. gr.

Milli stuðla má vera alt að 6 metra bil, eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Að öðru leyti skal gera girðingar samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur, sje lán veitt til þeirra úr landssjóði eða Ræktunarsjóði.

3. gr.

Nú vill einstakur maður eða fjelag girða og leitar um lán til þess úr áðurnefndum sjóðum, skal þá fylgja lánsbeiðninni skýrsla um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Ef ekki er fje fyrir hendi til að fullnægja öllum þeim, er um lán hafa beðið, skulu þeir, er eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár, að öðru jöfnu.

## 4. gr.

Nú er lánað til girðingar úr nefndum sjóðum, og skal hún þá vera fullgerð innan þriggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda stjórnarráðinu vottorð um, að hún sje gerð samkvæmt fyrirætlum 1. og 2. gr. og reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið innan þriggja ára, er lánið alt afturkræft, og skal þá greiða þriðjungi hærri vexti af því en upphaflega var ákveðið, og reiknast þessir viðbótarvextir frá útborgunardegi lánsins.

## 5. gr.

Skylt er sjerhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða fjelög, er fengið hafa lán til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar, sem einstakir menn hafa tekið lán til, skulu teknar út við ábúenda-skifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

## 6. gr.

Nú er girðing gerð, samkvæmt 1. og 2. gr., og lánað til hennar úr Ræktunarsjóði eða landssjóði, og skal þá girðingin fylgja jörðinni og má ekki flytja hana í burt, þó að eigandaskifti eða ábúandaskifti verði á henni, enda sje girðingin gerð í samráði við landsdrottin, ef leiguliði á í hlut.

## 7. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlast að hún byggist aftur, og verða eigi lengur not að girðingunni, losnar þá jarðeigandi við þá skyldu, að halda henni við eða láta hana standa á jörðinni. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af girðingaláninu.

## 8. gr.

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri jarða saman, eða tún eða engjar jarðar liggja að beitilandi annara, og jarðeigandi eða ábúandi með samráði við jarðeiganda vill girða á mörkum samkvæmt lögum þessum og reglugerð þeirri, er um getur í 2. grein, og samkomulag næst ekki við þann jarðeiganda eða ábúanda, sem á land á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það, og skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir báða, og skifta girðingarkostnaðinum á milli málsaðila að tiltölu við gagn hvers um sig. Þó skal sá, er girðir, aldrei eiga rjett til frekari endurgreiðslu en svári helming girðingarkostnaðarins.

Nú liggur bithagi jarðar að landi kaптúns, og verður fyrir miklum ágangi af beit frá kaптúninu, og skal þá jarðeigandi eiga sama rjett til framlags til girðingar frá kaптúninu eða eiganda þess lands, er kaптúnu liggur í, eins og tún eða engi lægi á móti.

Verð girðingar liggur undir mat úttektarmanna, og kaup þeirra telst til girðingarkostnaðar.

Um viðhaldskostnað fer eftir sömu reglum.

## 9. gr.

Nú er vírgirðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sje gengið, sem land á að henni. Sje garður hlaðinn undir vírinn, skal efni og grundvöll taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur, eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en maður vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn meta, að eigi sjeu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast

Nr. 66. sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið, og skulu þá úttekt-  
22. armenn meta skaðabætur þeim, er landið missir. Rjettur til annara afnota en engja  
nóvbr. og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skifti löndum til fullnustu.

## 10. gr.

Girðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 65 sentimetrar sju milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 5 metrar og 65 sentimetrar sju frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 3 metrar og 77 sentimetrar sju frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Þetta nær og til gaddavírsgirðinga meðfram tröðum og heimreiðum.

## 11. gr.

Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut eða fjallveg, nema hlið sje á fyrir veginum, en þá skal það vera heimilt. Ef vegur er akfær, þarf þó samþykki hreppsnefndar, ef um hreppsveg er að ræða, en sýslunefndar um aðra vegi. Nú er girðing sett yfir veg með hliði fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu varða sektum og skaðabótum.

Nú liggur yfir land forn fjallvegur, afrjettarvegur, eða bæjavegur, og telst eigi til neins vegaflokks, gildir þá hið sama um þá vegi og vegi þá, er áður eru taldir.

Ef girt er yfir aðra stíga eða götutroðninga, getur hreppsnefnd, ef þess er krafist, heimtað, að hæfilegt hlið sje sett á girðinguna.

Eigi má landeigandi læsa hliði nje með öðru móti hindra umferð um slíkan veg, nema hreppsnefnd leyfi.

Sama gildir og um sleðabrautir og aðrar vetrarleiðir sem nauðsynlegar eru til almenningsnota. Þar sem svo stendur á, má landeigandi kjósa um að taka upp girðinguna að vetrinum, þar sem hún liggur yfir leiðina, eða búa svo um hlið, að auðvelt sje að opna, þó að snjór leggist að. Skylt er við slík hlið að hafa hlaðna kampa, vörðu eða háan stólpa, með ánegldu spjaldi, svo glöggvar sjáist hliðið á lengdar. Nánari ákvæði um þetta setur sýslunefnd, ef leiðin liggur um fleiri hreppa en einn, en hreppsnefnd, ef um innanhreppsveg er að ræða.

## 12. gr.

Stórgripagirðingar með 1 eða 2 gaddavírsstrengjum skulu ávalt þannig gerðar, að vírin sje hvergi minna en 65 sentimetra frá jörð. Vírin skal strengja vandlega. Nú er girðing illa strengd eða í vanhirdu, svo fjenaður festist í henni eða hlýtur meiðsl af þeim sökum, skal þá eigandi girðingarinnar sæta sektum, og greiða auk þess skaðabætur þeim er fjenaður meiddist fyrir.

## 13. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

## 14. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykkt samkvæmt 13. gr., og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kys til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

## 15. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 14. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykta, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni, með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja, og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykta með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktafundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

## 16. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykta fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 13. gr. Er öll meðferð samþykta þá hin sama og 14. og 15. gr. skipa fyrir um, nema að hreppsnefnd kemur þá hvervetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

## 17. gr.

Nú er samþykta gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

## 18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömu leiðis má ákveða fyrir brot mót samþykta, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykta er að ræða, eða í sveitasjóð, ef brotið er móti hreppssamþykta.

## 19. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

## 20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 30. júlí 1909 um girðingar, svo og þau ákvæði í 44. og 45. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

**H. Hafstein.**